

Nefndasvið Alþingis

Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10 150 REYKJAVÍK

Vopnafjarðarhreppur, 13. mars 2019

Efni: Umsógn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 184. mál.

Vopnafjarðarhreppur fékk senda tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, með tölvuskeyti frá nefndasviði Alþingis þann 27. febrúar sl. Frestur til að skila umsögn var veittur til og með 13. mars.

Vopnafjarðarhreppur hefur farið yfir efni tillögunnar og styður eindregið að hún verði samþykkt. Hreppurinn vill þó koma á framfæri athugasemdum sem hann telur geta orðið til þess að bæta tillögunna þannig að hún geti betur stutt við þau markmið sem hún byggir á.

Þau sjónarmið sem helst þarf að horfa til við endurskoðun lagaumhverfis er varðar uppkaup á landi eru byggðarsjónarmið og nytjasjónarmið. Þ.e. að bújarðir haldist í byggð – að þar búi fólk sem sé partur af samfélaginu og viðhaldi þ.a.l. styrk þess bæði félagslega og efnahagslega með því að greiða til samfélagsins þau gjöld sem þeim ber og að þeir innviðir sem hafa orðið til í gegnum tíðina og þær fjárfestingar sem ráðist hefur verið í, svo sem uppræktuð tún, útihús og aðrar fasteignir nýtist áfram sem partur af atvinnulífi viðkomandi samfélags.

Vopnafjarðarhreppur telur mikilvægt að settar verði reglur um uppkaup lands sem feli í sér takmarkanir á því hversu mikið land einstakir aðilar megji eiga, eða önnur úrræði sem hafa það að markmiði að tryggja nýtingu þess í þágu byggðar, atvinnulífs og öflugs samfélags um allt land. Vopnafjarðarhreppur fagnar því efni tillögunnar. Hreppurinn gerir þó athugasemd við að í staflið a. er eingöngu gert ráð fyrir að endurskoðun laga og reglugerða um uppkaup á bújörðum og öðru nytjalandi muni snúa að uppkaupum erlendra aðila, sem ekki hafa lögheimil og fasta búsetu á Íslandi. Samfélagið hefur sömu hagsmuni óháð því hvert þjóðerni þeirra sem stunda uppkaup á landi. Vopnafjarðarhreppur leggur því til að stafliður a. verði víkkaður út þannig að hann taki jafnt til erlendra sem innlendra aðila. Þá leggur Vopnafjarðarhreppur áherslu á að gætt verði vel að útfærslu b. liðar til þess að markmið hans náist. Tryggja verði að miðað sé við endanlegan eiganda þannig að ekki sé nægjanlegt að eignarhald safnist á ýmis félög þar sem endanlegur eigandi er einn og sami aðili. Að sama skapi verði gætt að tengslum eigenda þannig að ekki sé hægt að dreifa eignarhaldi á fjölskyldumeðlimi og nátengda aðila.

Mikilvægt er að möguleikar sveitarfélaga til að afla tekna af veiðiréttindum verði skoðaðir til dæmis með því að arður af veiðiám og mögulega fleiri auðlindum er tengjast bújörðum verði skattlagður í heimabyggð, að hluta eða í heild, og renni þannig til nærsamfélagsins.

Virðingarfyllt,

Þór Steinarsson
Sveitastjóri Vopnafjarðarhrepps